

# 7. AÐALFUNDUR FÉLAGS FRAMHALDSSKÓLAKENNARA

26. - 27. apríl 2018

---

## TILLAGA AÐ ÁLYKTUN UM STÖRF FRAMHALDSSKÓLAKENNARA

---

Starf framhaldsskólakennarans hefur undanfarin ár einkennst af óvenjulega örur og gagngerum breytingum. Nýjar námskrár, bylting í notkun upplýsingatækni í námi, kennslu, námsmati og daglegum samskiptum milli kennara, nemenda og forráðamanna þeirra er annar meginþáttur þessara breytinga. Hinn er gerbreytt sýn á nemendurna og nám þeirra í framhaldsskóla fyrir alla.

Haustið 2014 tók þáverandi menntamálaráðherra einhliða ákvörðun um styttingu náms í framhaldsskólum. Ákvörðun hans fylgdu miklar breytingar á starfi framhaldsskólakennara og aukið álag við að innleiða nýjar námskrár og starfsálag þeirra jókst. Þá var ekki staðið við loforð til framhaldsskólanna um að þeir héldu þeim fjárhagslega ávinningi sem skapaðist af styttingunni og langvarandi fjársveldi þeirra er staðreynd. Félag framhaldsskólakennara hvetur mennta- og menningarmálaráðherra til að standa við orð sín og sýna í verki þá stórsókn sem boðuð er í menntamálum.

Mikið vantar upp á hér á landi að kennarastarfið sé metið að verðleikum en samtímis greina viðhorfskannanir frá mikilvægi menntunar og menntakerfisins fyrir framtíð einstaklinga og samfélags. Bæta þarf úr þessum málum ef vel menntað og metnaðarfullt fólk á að fást áfram til starfa í framhaldsskólum. Við aðstæður sem þessar er mikilvægt að skapa kennarastarfinu þann sess sem því ber, gera það samkeppnishæft á vinnumarkaði og bæta laun og starfsskilyrði.

Aðalfundur FF undirstrikar að framhaldsskólakennarar þurfa að hafa góðar og hvetjandi aðstæður og stuðning í starfi alla starfsævina til að viðhalda þekkingu og uppfæra í samræmi við samfélags- og tæknibreytingar, nýjar hugmyndir og áherslur um menntun og skólustarf. Stöðug og fjölpætt menntun og starfsþróun er forsenda skólaþróunar og þróunar menntakerfisins. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að tryggja framhaldsskólakennurum rými í starfi til menntunar og starfsþróunar jafnt á starfstíma skóla sem utan hans.

Nauðsynlegt er að auka leiðsögn og stuðning við nýliða í stétt framhaldsskólakennara og tryggja að slík leiðsögn verði hluti af störfum þeirra í upphafi. Einnig þarf að tryggja skólum fjármuni og markvissan stuðning til að skipuleggja leiðsögnina.

Auka þarf rannsóknir á starfi framhaldsskóla og ýta undir og liðka fyrir þátttöku kennara. Þessar rannsóknir ættu að snúa að daglegu starfi framhaldsskólakennara og að breytilegu hlutverki menntunar og að nýju efni, áherslum og starfsaðferðum. Það er undirstaða þess að þeir geti fylgst með í starfi. Þá þarf að efla möguleika og auka svigrúm félagsmanna FF til þess að stunda rannsóknir samhliða störfum sínum í skólunum.

Aðalfundur FF leggur áherslu á að kennurum sé áfram treyst fyrir faglegum þætti kennslunnar og skipulagi en þeim jafnframt tryggður aðgangur að sérfræðipjónustu, ráðgjöf og handleiðslu. Í framhaldsskólum landsins býr mikill mannauður og skipta aðstæður sem starfsfólki eru búnar miklu um framtíð menntakerfisins og samfélagsins.